

# Fjölmenningarstefna Akureyrarbæjar

Byggð á Fjölmenningarstefnu Eyþings

## Megininntak

### Hlutverk Akureyrarbæjar er:

Að sinna lögbundnum verkefnum bæjarins auk valkvæðra verkefna til hagsbóta fyrir íbúana og framtíð bæjarins eftir því sem aðstæður leyfa.

Að taka vel á móti nýjum íbúum, upplýsa þá um réttindi og skyldur og styðja til þátttöku í samfélaginu.

### Leiðarljós:

Lykillinn að íslensku samfélagi er kunnátta í íslensku, þekking á íslensku samfélagi og viðurkenning á gildi fjölmenningar.

### Framtíðarsýn:

Grunngildi samfélagsins einkennast af víðsýni, virðingu og samkennd þar sem litið er á ólíkan bakgrunn íbúanna sem auðlind. Samfélagið tekur vel á móti nýjum íbúum og styður þá til góðra verka, en væntir þess að allir virði menningu og siði þess samfélags sem þeir kjósa að búa í.

### Meginstefna í málefnum innflytjenda:

Að allir íbúar sveitarfélagsins njóti jafnra tækifæra og verði virkir þátttakendur í samfélaginu á sem flestum sviðum mannlífsins.

Að nýir íbúar skynji að þeir séu velkomnir og að þeir búi við öryggi.

Að styrkur fjölmenningar verði nýttur til góðra verka.

### Skilgreining á hugtakinu innflytjandi:

Með orðinu innflytjandi er átt við íbúa með annað móðurmál en íslensku.

# Stjórnsýslan - almennt

Ábyrgð: Samfélags- og mannréttindadeild og skrifstofa Ráðhúss

## 1. markmið:

Að tekið sé vel á móti nýjum íbúum og öll þjónusta Akureyrarbæjar við þá sé samþætt og allar grunnupplýsingar aðgengilegar á einum stað.

## Leiðir:

- Einn þjónustustaður.
  - Þjónustuanddyrið í Ráðhúsi verði skilgreint sem mikilvæg þjónustustöð þar sem fyrsta móttaka og upplýsingagjöf fari fram. Þar fer skráning búsetu fram. Þar verði afhentar grunnupplýsingar og leiðbeiningar.
- Einn ábyrgðaraðili – þjónustufulltrúi sem upplýsir og aðstoðar (kennitala, lögheimili, heilbrigðissskoðun, dvalarleyfi o.fl.).
  - Fundin verði ný útfærsla á ráðgjöf til innflytjenda. Leitast verði við að bjóða þjónustu á nokkrum tungumálum.
- Til sé móttökuferli/flæðirit (fastar vinnureglur).
  - Mótaðar verði vinnureglur um móttökuferli.
- Handbók um móttöku nýrra íbúa (þar með taldir innflytjendur).
  - Útbúin verði handbók um móttöku.
  - Gert verði ráð fyrir að innflytjendum sé boðið upp á móttökuvíðtöl.
- Gott aðgengi að túlkþjónustu.
  - Listi yfir túlka verði útbúinn og síðan uppfærður, honum dreift á nauðsynlega staði innan kerfisins (t.d. þjónustuanddyri, skóladeild) og kynnt hvar hann er hægt að nálgast.
  - Mótaðar verði viðmiðunarreglur fyrir allt kerfið um notkun túlka.
  - Túlkum verði boðið upp á sérhæfða fræðslu um bæjarkerfið, barnavernd, félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu o.s.frv.
- Sett verði á fót þverfaglegt teymi til samráðs um að aðlaga þjónustu sveitarfélagsins að þörfum innflytjenda.
  - Þverfaglegt teymi sé starfandi.
- Sett verði á stofn innflytjendaráð til þess að auka íbúalýðræði.
  - Hlutverk ráðsins verði að fjalla um málefni innflytjenda í bæjarfélaginu og gera

tillögur um bættu þjónustu.

- Til að tryggja góða samþættingu á þjónustu verði starfsfólki bæjarins boðin fræðsla.
  - Starfsfólk verði frætt um siði og venjur ólíkra menningar- og trúaheima, fjölmenningu og alþjóðavæðingu sem og afleiðingar fordóma.

## Fræðslumál

-leik- og grunnskóli-

*Ábyrgð: Skóladeild*

### 2. markmið:

Að tekið sé vel á mótí innflytjendum þegar þeir hefja nám og aðlögun þeirra að íslensku skólakerfi verði þeim þægileg.

### Leiðir:

- Til sé móttökufæri/flæðirit (fastar vinnureglur).
  - Hver einstaklingur fái tengilið úr hópi starfsmanna.
- Handbók um móttöku innflytjenda í grunnskóla.
  - Viðmið verði sett um notkun og gagnsemi handbókar.
- Túlkaþjónusta aðgengileg og nýtt (Leiðbeiningar um hvenær á að nota túlka. Hvar er þá að finna? Hvenær hentar fjartúlkun?).
  - Fjármunir til túlkaþjónustu séu til.
  - *Sjá markmið 1 um viðmiðunarreglur um notkun túlka.*
- Nemendum verði ekki hafnað þó kennitölu vanti við innskráningu.
  - Alltaf verði tekið við nemendum og foreldrum leiðbeint um skráningar.
- Nemendur frá landi utan EES verði að skila inn heilbrigðisvottorði áður en þeir byrja í skóla óháð því hvort kennitala liggur fyrir eða ekki. Athuga þarf þó undantekningar (Sjá Handbók um móttöku innflytjenda í grunnskóla).
  - Sjá handbók um móttöku.

### **3. markmið:**

Að foreldrar séu upplýstir um starfsemi skólanna og íslenska skólakerfið.

#### **Leiðir:**

- Upplýsingabæklingar á helstu tungumálum.
  - Nýta upplýsingabæklinga á ýmsum tungumálum sem til eru á heimasíðu menntasviðs Reykjavíkurborgar (<http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-1199/>).
- Gagnabanki – upplýsingabæklingar (miðlægur gagnabanki með stöðluð form um samskiptamiða o.fl. á nokkrum tungumálum, þar sem hægt er að breyta dags. o.fl.).
  - Nýta sameiginlegan gagnabanka á vefjum Reykjavíkurborgar. Útbúa viðbætur og breytingar á nauðsynlegum bæklingum til að eiga í gagnabanka á vefjum skólanna.

### **4. markmið:**

Að foreldrar og börn séu upplýst um siði, venjur og náttúrufar.

#### **Leiðir:**

- Upplýsingagjöf – menningarmunur, (öskudagur, nesti, mæting í foreldraviðtöl, afmæli/gjafir, Þorrinn o.fl.).
  - Benda á og útbúa upplýsingabæklinga – gera aðgengilega (<http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-1199/>).
  - Nýta hugmyndir/form fyrir skilaboð (<http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-1494/>).
- Notaðir séu túlkar og skilaboð þýdd yfir á tungumál barnsins.
  - Alltaf metið fyrirfram samanber leiðir hér að ofan.
  - Kennarar séu meðvitaðir um að þörf sé á að senda skilaboð heim á fleiri tungumálum en íslensku, þegar það á við.

### **5. markmið:**

Að eftirfylgni sé tryggð og skólinn verði brú barnsins inn í samfélagið.

**Leiðir:**

- Einn aðili í skólanum beri ábyrgð á upplýsingargjöf og eftirfylgni með innflytjendum fyrstu tvö árin í skólanum.
  - Skilgreina hlutverk tengiliðarins.
- Ráðgefandi hlutverk skólanna sé nánar skilgreint.
  - Vinna að skilgreiningu.
- Æskilegt er að ráðgjöf um kennslu innflytjenda sé aðgengileg.
  - Móttökudeildir/miðstöðvar reknar í einum grunnskóla og einum leikskóla þar sem ráðgjöf verði veitt.
- Fylgst verði með þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi, þ.m.t. tónlistarnámi, (sjá markmið undir „Félagsstarf og afþreying“).
  - Setja upp skráningarferli í Mentor.
- Samstarf við framhaldsskólana til að auðvelda breytinguna frá grunnskóla og auðvelda framhaldsskólunum að mæta þörfum þessara nemenda, t.d. varðandi lesskilning og málskilning.
  - Skilamat og upplýsingagjöf verði með svipuðu sniði og þegar börn með sérþarfir fara á milli skólastiga.

**6. markmið:**

Að móta jákvætt viðhorf til fjölmenningar og vinna að gagnkvæmri aðlögun.

**Leiðir:**

- Náms efni um fjölmenningu og gildi hennar.
  - Námsgagnastofnun verði hvött til að gefa út fjölbreytt efni.
  - Upplýsingar um það efni sem til er verði gerðar aðgengilegar.
  - Ráðgjafamiðstöðvar verði með ábyrgð á því að safna saman þessum upplýsingum.
- Ráðgjöf, t.d. hjá Fjölmenningarsetri.
  - Leitað verði eftir samvinnu um skipulagða ráðgjöf þegar þörf er á.
- Menningarhátíðir í skólum, (*Sjá einnig 18. markmið, undir menningarmál*).
  - Setja árlega upp menningarhátíð í leik- og grunnskólum.
- Markviss umfjöllun og fræðsla um fordóma og um neikvæðar afleiðingar þeirra.
  - Áætlun gerð og birt í skólanámskrá hvers skóla

## 7. markmið:

Að skólinn (leik- og grunnskóli) vinni að því að virkja nemendur til þátttöku í íslensku samfélagi.

### Leiðir:

- Sérstök áhersla verði á **íslenskukennslu**, m.a. áhersla á að efla læsi. Nemendur í leik- og grunnskóla eiga rétt á námi í íslensku sem öðru tungumáli.
  - Leikskólalæsi – Byrjendalæsi – Orð af orði – Læsi til framtíðar.
- Stuðla að þátttöku í félagsstarfi.
  - Tengiliðir barnanna fylgist með og hvetji börnin til þátttöku.
  - Tengja inn í Mentor-verkefni framhaldsskólanna.
  - Frístundin fyrir börn í 1.-4. bekk

## 8. markmið:

Að styrkja sjálfsmynd barna af erlendum uppruna.

### Leiðir:

- Nemendur fái tækifæri, eftir því sem kostur er, til að viðhalda móðurmáli sínu. Boðið verði upp á móðurmálskennslu eftir því sem tæk eru á.
  - Leitað verði eftir samvinnu um fjarkennslu á þessu sviði.
- Stuðningur verði veittur við námsmat (próftöku).
  - Beita fjölbreyttum einstaklingsmiðuðum aðferðum. Þróunarverkefni er í gangi í öllum skólum.
  - Nota orðalista í prófum.
- Skólarnir skapi vettvang, t.d. með fjarkennslu og fyrir foreldrafélög erlendra barna, til þess að halda utan um móðurmálskennslu.
  - Ef kostnaður leyfir er hægt að gera samkomulag við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.
- Bókakostur á erlendum tungumálum verði aðgengilegur á bókasöfnum.
  - Koma á samstarfi við Amtsbókasafnið um að koma upp bókakosti.

## 9. markmið:

Að vinna gegn einangrun og stuðla að þátttöku foreldra í skólastarfi.

### Leiðir:

- Skoða möguleika á stuðningsfjölskyldum.
  - Í hverjum skóla verði komið upp neti stuðningsfjölskyldna sem geti tekið slíkt hlutverk að sér. Fyrri reynsla er til og má læra af.
- Nýta leiðir að fullorðnu fólki í gegnum börnin.
  - Með skipulegum viðtölum eins og sett eru upp í móttökuáætlun má fá upplýsingar sem geta hjálpað fullorðnu fólki að tengjast betur eða koma á tengslum sem geta aðstoðað.
- Móttaka foreldra í skólanum (fyrsti fundur með foreldrum þar sem hagnýtar upplýsingar eru veittar um skólahúsnæðið og þess háttar, með túlki eftir þörfum).
  - Til útfært í móttökuáætlun.
- Skólinn vinni að því að stuðla að þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi.
  - Upplýsingagjöf og aðstoð, t.d. gæti þetta verið hlutverk tengiliðs.
- Aðgerðir gegn einelti og eineltisáætlanir séu aðgengilegar og kynntar eftir þörfum.

## 10. markmið:

Að hæfni og þekking starfsfólks skólanna sé eflað í kennslu og umönnun barna af erlendum uppruna.

### Leiðir:

- Boðið verði upp á sértæka fræðslu og námskeið.
  - Námskeiðstilboð á vegum HA og fleiri aðila verði nýtt.
  - Stuðla að því að boðið verði upp á námsbraut innan kennaranáms í kennslu innflytjenda eða hvetja til aukinnar kennslu varðandi innflytjendur.
- Kennarar verði þjálfaðir í að kenna íslensku sem annað tungumál.
  - Kennaramenntastofnanir hugi að þessum þætti í kennaranámi og framboði á námskeiðum fyrir kennara og slík námskeið verði í boði fyrir kennara í grunnskólum Akureyrar.

## Fræðslumál

-fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar-

*Ábyrgð: Samfélags- og mannréttindadeild, starfsmannaþjónusta og skóladeild*

### 11. markmið:

Að vinna að því að fullorðnir innflytjendur eigi kost á og hafi sem jafnastan aðgang að góðri íslenskukennslu, samfélagsfræðslu og fræðslu um íslenskt náttúrufar.

### Leiðir:

- Akureyrarbær skilgreini aðkomu sína að íslenskukennslu fyrir fullorðna.
  - Samstarfi við fyrirtæki sem bjóða upp á íslenskukennslu fyrir útlendinga verði haldið áfram.
  - Stutt verði við kennsluna t.d. með því að leggja til húsnæði.

### 12. markmið:

Að Akureyrarbær verði í fararbroddi að bjóða erlendum starfsmönnum sínum á námskeið í vinnutíma.

### Leiðir:

- Sjórnendur séu vel upplýstir um þetta markmið.
  - Erlendum starfsmönnum Akureyrarbæjar verði gert kleift að sækja íslenskunámskeið í vinnutíma.

### 13. markmið:

Að sérstakt samstarf sé milli grunn- og framhaldsskóla í því skyni að hindra brottfall innflytjenda úr framhaldsskóla.

### Leiðir:

- Skipulegt samstarf milli grunn- og framhaldsskóla í bænum, upplýsingagjöf frá grunnskólum um erlenda nemendur.
  - *Sjá 5. markmið í Fræðslumál – leik- og grunnskóli.*

## Félagsþjónusta

*Ábyrgð: Fjölskyldudeild og búsetudeild.*

### 14. markmið:

Að innflytjendur hafi sama aðgang að félagsþjónustu og aðrir íbúar Akureyrarbæjar.

### Leiðir:

- Upplýsingagjöf, s.s. um fjárhagsaðstoð, húsnæðismál, félagslega ráðgjöf, félagslega heimaþjónustu, barnavernd o.fl.
- Gera aðgengilegar á heimasíðu Akureyrarbæjar upplýsingar fyrir innflytjendur m.a. um félagslega þjónustu á ensku.
- Að skriflegar upplýsingar um félagslegan rétt og þjónustu séu aðgengilegar hjá t.d. Fjölmenningssetri.
- Að koma inn á heimasíðu Fjölmenningsseturs upplýsingum um félagslega þjónustu sveitarfélagsins.
- Til sé sérhæft fræðsluefni.
  - Hafa aðgang að og geta dreift sérhæfðu fræðsluefni t.d. varðandi andlát, skilnaði, forsjármál. Einnig í samvinnu við skóla og heilsugæslu að hafa aðgang að fræðsluefni um uppeldi og umönnun barna, fötlun og frávik í þroska og hegðun og hvaða þjónusta fylgir því.
- Akureyrarbær hafi frumkvæði að samstarfi um gerð kynningarefnis.
  - Samstarfsvettvangur félagsmálastjóra á landinu verði nýttur til að finna og samnýta það efni sem til er hjá sveitarfélögum á mismunandi tungumálum.
  - Aðgerðaráætlun gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum sé innflytjendum aðgengileg og kynnt eftir þörfum.

### 15. markmið:

Að börn af erlendum uppruna njóti þeirrar verndar sem íslensk löggjöf á sviði barnaverndarmála kveður á um.

### Leiðir:

- Foreldrum verði leiðbeint um lög og reglur sem gilda, einkum um ákvæði

barnaverndarlaga.

- Afla upplýsinga um efni fyrir foreldra almennt um barnavernd og réttindi barna og koma því til t.d. heilsugæslu og leik- og grunnskóla.

## Heilbrigðisþjónusta

*Ábyrgð: Heilsugæslustöðin á Akureyri*

### 16. markmið:

Að innflytjendur njóti sömu heilbrigðisþjónustu og aðrir íbúar.

#### Leiðir:

- Almennar upplýsingar.
  - Starfsfólk HAK og þjónustuaðstandendur Akureyrbæjar þekki hvar hægt er að nálgast almennar upplýsingar um íslenska heilbrigðisþjónustu og reglur um sjúkratryggingar á ýmsum tungumálum
- Upplýsa að allir eigi rétt á neyðarþjónustu óháð kennitölu eða stöðu.
  - Starfsfólk HAK þekki rétt og gildandi reglur um neyðarþjónustu.
- Upplýsa þarf fólk um þörf á sjúkratryggingu þar til það er komið inn í almannatryggingakerfið (allt að sex mánuðir, mismunandi eftir því hvaðan fólk kemur).
- Sérhæfð upplýsingagjöf, t.d. um ungbarnavernd og til barnshafandi kvenna um mikilvægi þess að þær mæti í mæðraskoðun.
  - Mæðra- og ungbarnavernd á HAK fylgist með og taki upp leiðbeiningar, eyðublöð og fræðsluefni Landlæknisembættisins eftir því sem það berst og verði vakandi fyrir staðbundinni þörf fyrir sérstaka upplýsingagjöf hverju sinni.
  - Starfsfólk mæðra- og ungbarnaverndar vinni áfram að samráði milli stofnana á Akureyri með það að markmiði að ná til allra sem á þjónustu þeirra þurfa á að halda.

### 17. markmið:

Að skólahjúkrunarfræðingur fylgist sérstaklega með börnum innflytjenda fyrsta skólaárið.

**Leiðir:**

- Börn og foreldrar innflytjenda séu sérstaklega upplýst um þætti eins og tannvernd og bólusetningu.
- **Tannvernd:**
  - Skólahjúkrunarfræðingar þekki og upplýsi foreldra og forráðamenn um rétt barna og unglunga á þjónustu hjá tannlækni, fyrirkomulag tannlækninga á HAK svæðinu og möguleika á endurgreiðslu fyrir tannlæknaþjónustu við börn og unglunga.
  - Fram fari markviss fræðsla til barnanna, fjölskyldna eða forráðamanna þeirra um tannheilsu og varnir gegn tannskemmdum sem tannlæknar eða tannfræðingar veita og um flúorskolanir og fræðslu um tannvernd sem skólahjúkrunarfræðingar sinna í grunnskólum. Foreldrum verði bent á aðgengilegt fræðsluefni á erlendum tungumálum.
- **Bólusetningar**
  - Skólahjúkrunarfræðingar skulu yfirfara bólusetningar barna í byrjun skólagöngu. Ef bólusetningar eru ófullnægjandi skal foreldrum boðin bólusetning fyrir barnið í samræmi við fyrirkomulag bólusetninga hér á landi.

## Félagsstarf og afþreying

-menningarmál-

*Ábyrgð: Akureyrarstofa*

**18. markmið:**

Að stuðla að þátttöku innflytjenda í menningarstarfi og stuðla að kynningu á menningu þeirra.

**Leiðir:**

- Hvetja innflytjendur til þátttöku í menningarviðburðum og til að standa fyrir menningarviðburðum til að kynna sína menningu.
- Þjóðahátíðir verði haldnar í samstarfi við innflytjendaráð.

## Félagsstarf og afþreying

### -Íþróttá- og tómstundamál-

Ábyrgð: Samfélags- og mannréttindadeild og íþróttadeild

#### 19. markmið:

Að unnið verði markvisst að því að stuðla að þátttöku innflytjenda í íþróttá- og tómstundastarfi.

#### Leiðir:

- Upplýsingagjöf (kynningarbæklingar) um íþróttir og tómstundir, m.a. í samstarfi íþróttafélaga, skóla og félagsþjónustu.
  - Vefir íþróttadeildar og samfélags- og mannréttindadeildar sem og annað kynningarefni verði þýtt á nokkur tungumál.
- Sérstakar heimsóknir/kynningar fyrir börn og foreldra innflytjenda, þar sem áhugasvið er kannað.
  - Íþróttadeild og samfélags- og mannréttindadeild vinni að slíkum kynningum í samstarfi við skólana.
- Starfslistar félagsmiðstöðva.
  - Við val á starfslista skal gæta þess að fulltrúar úr hópi innflytjenda séu valdir.
- Kveðið verði á um þjónustu við innflytjendur í samningum sveitarfélaga og íþróttafélaga.
  - Við endurskoðun samninga verði kveðið á um þetta.
- Koma á tengslaneti, þ.e. íslenskur iðkandi tekur með sér gesti (oft auðveldara fyrir fleiri innflytjendabörn að koma saman heldur en eitt).
  - Samfélags- og mannréttindadeild og íþróttadeild leiti eftir samvinnu við ÍBA og æskulýðsfélög um að koma á tengslaneti.

Samþykkt í bæjarstjórn 13. apríl 2010